

# Fagbréf atvinnulífsins

---

Handbók um framkvæmd  
raunfærnimats og  
starfsþjálfunar fyrir vottun á  
færni í starfi

Ritstjórn: Haukur Harðarson, Fjóla María  
Lárusdóttir og Hildur Betty Kristjánsdóttir

Nánari upplýsingar: [haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is) og  
[fjola@frae.is](mailto:fjola@frae.is)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
Útgáfa 2. Desember 2025



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

## Efnisyfirlit

|                                                           |    |
|-----------------------------------------------------------|----|
| Fagbréf atvinnulífsins .....                              | 2  |
| Verkferill .....                                          | 2  |
| Fjögur þrep og helstu verkþættir .....                    | 3  |
| Undirbúningur .....                                       | 4  |
| Hverjir geta haldið utan um framkvæmd verkefna? .....     | 4  |
| Stýrihópur .....                                          | 4  |
| Verkefnastýring .....                                     | 4  |
| Upplýsingagiöf til mögulegra þátttakenda og annarra ..... | 5  |
| Færni matsaðila .....                                     | 5  |
| Gæðakröfur vegna framkvæmdar .....                        | 6  |
| Raunfærnimat .....                                        | 7  |
| Úrvinnsla umsókna .....                                   | 7  |
| Sjálfsmat þátttakanda .....                               | 7  |
| Mat á hæfni .....                                         | 7  |
| Matslistar .....                                          | 8  |
| Niðurstöður .....                                         | 8  |
| Ferill einstaklings .....                                 | 9  |
| Starfsþjálfun .....                                       | 10 |
| Starfsþjálfar .....                                       | 10 |
| Útgáfa Fagbréfa .....                                     | 11 |
| Forsendur fyrir útgáfu .....                              | 11 |
| Rýni á framkvæmd .....                                    | 11 |

## Fagbréf atvinnulífsins

Á vinnumarkaði, sem tekur örum breytingum, er mikilvægt að færni til starfa sé sýnileg og staðfest. Fagbréf atvinnulífsins eru leið til þess.


Með raunfærnimati er færni starfsfólks metin út frá hæfniviðmiðum starfs. Ef þörf er á fer fram þjálfun og fræðsla sem tekur mið af niðurstöðum matsins. Þegar öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins fyrir viðkomandi starf.

Nánari upplýsingar um Fagbréf er að finna á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

## Verkferill

Áður en Fagbréfsverkefni fara af stað er mikilvægt að fyrir liggi staðfesting á því að ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd sé viðurkenndur af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) til að halda utan um verkefni. Sótt er um staðfestingu á því á heimasíðu FA [www.frae.is](http://www.frae.is).

Forsenda fyrir að umsóknir fyrirtækja í starfsmenntasjóði séu teknar til skoðunar er viðurkenning FA á framkvæmdaraðila. Oft er það þannig að þessari vinnu er lokið áður en verkefnastjóri tekur við verkefninu en mikilvægt er að tryggja að svo sé áður en farið er af stað í framkvæmd.



## Fjögur þrep og helstu verkþættir

Hér fyrir neðan er mynd sem sýnir ferlið í fjórum þrepum. Þessi skýringarmynd er gjarna notuð til að kynna verkefni auk tveggja mínútna myndbands sem er aðgengilegt á heimsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/fagbref-atvinnulifsins/> Myndbandið er aðgengilegt með enskum texta.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins óskar eftir að kynningarefni, sem er aðgengilegt hjá FA, sé nýtt við framkvæmd verkefna. Samræmt útlit og gögn auka traust á framkvæmd og niðurstöðum.

### Fagbréf atvinnulífsins - ferli í fjórum þrepum



Copyrights © Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2024

#### 1. Undirbúningur

- Stofna stýrihóp
- Tryggja verkefnastýringu
- Velja og þjálf matsaðila
- Upplýsingagjöf til þátttakanda

#### 2. Raunfærnimat

- Vinna úr umsóknum
- Sjálfsmat þátttakanda
- Mat á hæfni
- Unnið úr niðurstöðum

#### 3. Starfsþjálfun

- Áætlun
- Starfsþjálfun
- Unnið úr niðurstöðum

#### 4. Fagbréf

- Staðfest að öllum hæfniviðmið sé náð
- Upplýsingar sendar til FA
- FA gefur út Fagbréf á nafn og kennitölu
- Þátttakandi fær Fagbréf

#### Verkefnastjórar

Halda utan um framkvæmd og sjá til þess að gæðakröfum sé fylgt.

#### Matsaðilar

Meta hæfni þátttakanda á mótí hæfniviðmiðum (matslistum) og staðfesta hæfni þar sem hún er til staðar.

#### Starfsþjálfar

Byggja upp þekkingu og færni í samræmi við hæfniviðmið þar sem þörf er á og staðfesta þegar hæfni sé náð.



### Hverjir geta haldið utan um framkvæmd verkefna?

Umsjón/ábyrgð framkvæmdar getur verið í höndum símenntunarmiðstöðva, fræðslumiðstöðva iðngreina, annarra fræðsluáðila, sjálfstætt starfandi ráðgjöfum eða hjá því fyrirtæki eða stofnun þar sem verkefnið fer fram. Ýmsir geta sem sagt haldið utan um framkvæmd, en gerð er krafa um staðfesta þekkingu á aðferðafræði og að kröfum um gæði framkvæmdar séu uppfyllt.

### Stýrihópur

Í upphafi verkefnis þarf að mynda stýrihóp. Stýrihópur er ábyrgur fyrir framkvæmd og að hún sé í samræmi við kröfur um samræmda aðferðafræði og gæði. Samsetning stýrihóps tekur mið af umfangi verkefnisins, þar þurfa að lágmarki að vera fulltrúar fyrirtækis, starfsfólks og þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd.

Stýrihópur er ábyrgur fyrir framkvæmd og að gæðakröfum sé fylgt.

Ef um er að ræða fyrsta raunfærnimatsverkefnið, sem viðkomandi ábyrgðaraðili stýrir, er gerð krafa um setu FA í stýrihóp verkefnisins. Hún er kostuð af FA.

Helstu verkefni stýrihóps snúa að:

- Fjármögnun - ef hún liggur ekki fyrir
- Kröfur vegna þátttöku (t.d. um starfsaldur, starfsreynslu o.fl.)
- Afmarka (ef þörf er á) þann hóp sem er boðin þátttaka
- Matsaðilar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun þeirra?
- Starfsþjálfar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun þeirra?
- Tryggja góða verkefnastýringu, ábyrgð á gæðum og skil á gögnum
- Tryggja að til sé ferli svo að þátttakendur geti gert athugasemdir við framkvæmd
- Tryggja túlkun ef þörf er á (önnur tungumál)

### Verkefnastýring

Verkefnastjórar stýra framkvæmd og þurfa að hafa aflað sér þekkingar um hugmyndafræði og aðferðafræði raunfærnimats.

Verkefnastjórar, í samstarfi við stýrihópa, bera ábyrgð á því að gæði í framkvæmd séu í samræmi við gæðakröfur og skilgreinda aðferðafræði. Þau bera jafnframt ábyrgð á skipulagi, gögnum og skilum á niðurstöðum.

| Verkefnastjórar þurfa að:                                                                  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|
| – leiða vinnu stýrihóps eftir að ákvörðun er tekin um verkefnið                            |
| – tryggja upplýsingaflæði til þeirra sem koma að verkefninu/ferlinu                        |
| – tryggja að matslistar séu til staðar                                                     |
| – greina þörf fyrir þjálfun matsaðila og starfsþjálfara og tryggja þjálfun ef þess er þörf |
| – skipuleggja og halda utan um ferli raunfærnimats                                         |
| – skipuleggja starfsþjálfun þar sem hennar er þörf                                         |
| – tryggja aðferðafræði og gæðaviðmiðum sé fylgt                                            |
| – halda utan um samskipti og skil á gögnum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.           |

### Upplýsingagjöf til mögulegra þátttakenda og annarra

Markmiðið er að starfsfólk eða einstaklingar geti metið út frá gefnum upplýsingum hvort þau vilji taka þátt. Mikilvægt er að millistjórnendur og trúnaðarmenn (fulltrúar starfsfólks) þekki í hverju verkefnið felst og geti veitt frekari upplýsingar. Þetta á við ef framkvæmd er bundin við fyrirtæki.

Mikilvægt er að einfalt sé að sækja um þátttöku og að ljóst sé hvaða kröfur eru gerðar til þátttakenda. Í töflunni hér að neðan eru dæmi um upplýsingar sem þarf að veita og spurningar sem algengt er að komi upp á kynningarfundum.

| Dæmi um upplýsingar sem þarf að gefa og spurningar sem koma fram á fundum |                                      |                                                    |                                 |
|---------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|----------------------------------------------------|---------------------------------|
| Markmið og mögulegur ávinningur                                           | Hæfniviðmið kynnt og gerð aðgengileg | Hverjir verða matsaðilar?                          | Hvað er gert við niðurstöður?   |
| Ferlið við að gera hæfni sýnilega og votta                                | Ef ég vil taka þátt, hvað geri ég?   | Hvernig er ferlið og hvað mikill tími fer í þetta? | Hvernig fer starfsþjálfun fram? |
| Valkvætt ferli fyrir starfsfólk                                           | Hvaða skilyrði eru fyrir þátttöku?   | Hvað gerist ef ég stend ekki viðmið?               | Hafa Fagbréf áhrif á laun?      |

### Færni matsaðila

Matsaðilar þurfa að njóta trausts bæði stjórnenda og starfsfólks. Eftir því sem matsaðilar standa nær starfsfólki sem fer í gegnum ferlið verður þetta traust mikilvægara. Matsaðilar þurfa að vera samþykktir af stýrihópi verkefnisins.

Matsaðilar þurfa að hafa faglega þekkingu á viðfangsefnum þess starfs sem unnið er með, hafa færni í mannlegum samskiptum og hafa hlotið þjálfun í matstækni raunfærnimats. Oft eru matsaðilar þau sömu og sjá um kennslu og þjálfun innan fyrirtækja.

Matsaðilar þurfa að njóta trausts fyrirtækis og starfsfólks.

Matsaðilar geta staðið tiltölulega nálægt þeim sem kemur í raunfærnimat, t.d. verkstjóri, deildarstjóri eða aðili sem stýrir vinnu þar sem starfsmaðurinn starfar dags daglega. Matsaðilar þurfa að hafa þekkingu á ferli raunfærnimats og aðferðafræði við mat og fylgja gæðaviðmiðum. Stundum vinna matsaðilar í þörum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins býður upp á þjálfun fyrir verkefnastjóra og matsaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats, þeim að kostnaðarlausu. Þar er m.a. farið yfir hvernig á að móta spurningar í matsferlinu og hvaða verkfæri er hægt að nýta í matssamtölum.

## Gæðakröfur vegna framkvæmdar

Ábyrgðaraðili tryggir að framkvæmd sé í samræmi við gæðakröfur.

| Stjórnun, markmið og umsýsla                                                                                              |          |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:                                                                                 | Staðfest |
| 1. Skipaður sé stýrihópur og hann upplýstur um ábyrgð sína á að framkvæmd sé í samræmi við kröfur um aðferðafræði og gæði |          |
| 2. Verkefnið sé fjármagnað og að fyrir liggi verk- og kostnaðaráætlun                                                     |          |
| 3. Til staðar sé verkefnastjóri sem beri ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd                                              |          |
| 4. Verkefnastjóri, matsaðilar og starfsþjálfar hafi getu og þekkingu til að sinna verkefnum                               |          |
| 5. Kallað sé eftir endurgjöf frá stýrihópi, þátttakendum, matsaðilum og starfsþjálfum og niðurstöður nýttar í umbótastarf |          |
| 6. Notuð séu hæfniviðmið starfs frá FA                                                                                    |          |

| Upplýsingagjöf og meðhöndlun gagna                                            |          |
|-------------------------------------------------------------------------------|----------|
| Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:                                     | Staðfest |
| 7. Meðferð og varðveisla persónuupplýsinga sé í samræmi sbr. lög nr. 90/2018. |          |
| 8. Þátttakendur séu upplýstir um mögulegan ávinning af verkefninu             |          |
| 9. Þátttaka sé valkvæð                                                        |          |
| 10. Þátttakendur séu upplýstir um skipulag, meðhöndlun gagna og framkvæmd     |          |
| 11. Hæfniviðmið séu sýnileg og aðgengileg þátttakendum                        |          |
| 12. Aðgengi sé að ráðgjöf ef fólk vill og tilvísanir gerðar eftir þörfum      |          |

| Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar                                                      |          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:                                                                        | Staðfest |
| 13. Framkvæmd sé í samræmi við aðferðafræði sem krafist er af FA                                                 |          |
| 14. Þátttakendur, matsaðilar og starfsþjálfar geti sinnt verkefninu í vinnutíma                                  |          |
| 15. Að loknu raunfærnimati sé skýrt hvaða hæfniviðmiðum er lokið                                                 |          |
| 16. Sett sé fram einstaklingmiðuð áætlun um starfsþjálfun fyrir hæfniviðmið sem ekki var lokið með raunfærnimati |          |

| Skil á gögnum til FA vegna útgáfu Fagbréfa        |          |
|---------------------------------------------------|----------|
| Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:         | Staðfest |
| 17. Gögnum sé skilað til FA vegna útgáfu Fagbréfa |          |
| 18. Fagbréf séu afhent þátttakendum               |          |



### Úrvinnsla umsókna

Eftir að verkefni hefur verið kynnt er það val einstaklings hvort hann tekur þátt í því. Mikilvægt er að óskir um þátttöku séu metnar og tryggt að starfsreynsla sé í samræmi við þær kröfur sem stýrihópur hefur sett.

Ef umsækjandi, af einhverjum ástæðum, fær ekki að taka þátt þarf að útskýra ástæðurnar og hvort aðrar leiðir séu í boði fyrir færniþróun. Fólk sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla getur sótt sér náms- og starfsráðgjöf hjá næstu fræðslu- eða símenntunarmiðstöð sér að kostnaðarlausu.

### Sjálfsmat þátttakanda

Þátttakendur meta hæfni sína á móti hæfniviðmiðum (í matslista) áður en mat fer fram. Markmiðið er að þau kynnist viðmiðunum og tengi þau við vinnu sína. Hæfniviðmið eiga að vera sýnileg öllum sem hafa áhuga á að kynna sér þau og þátttakendur eiga að geta leitað til matsaðila til að fá útskýringar á hæfniþáttum og viðmiðum.

### Mat á hæfni

Matsaðilar meta hæfni þátttakanda miðað við hæfniviðmið og nýta til þess matslista. Matið er í flestum tilvikum í formi samtals á milli matsaðila og starfsmanns. Stundum eru þátttakendur beðnir um að sýna fram á hæfni með framkvæmd.

Áður en matssamtal fer fram hafa matsaðilar aðgengi að sjálfsmati þátttakanda og byggja mat sitt á því, auk viðbótargagna sem þróuð eru í þjálfun matsaðila. Mat á hæfni fer fram á vinnustað og á vinnutíma ef verkefnið er tengt ákveðnum vinnustað.

Matsaðilar þurfa að:

- Hafa getu til að dýpka hæfniviðmið með spurningum og dæmum
- Geta skapað umhverfi þar sem þátttakandi getur tjáð sig á frjálsan/öruggan hátt
- Tryggt að samtalið fari fram á jafningjagrunni
- Geta lagt mat á hvort starfsmaður hafi staðist viðmið eða ekki
- Geta skýrt út og fært rök fyrir niðurstöðum mats fyrir þátttakendum

## Matslistar

Matslistar eru nýttir í sjálfsmati þátttakenda og síðan af matsaðilum við mat á hæfni.

Matslistar eru vistaðir miðlægt hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og nýtast þvert á fyrirtæki fyrir sömu störf.

Það er á ábyrgð verkefnastjóra að réttir matslistar séu til staðar. Í sumum tilvikum eru matslistar til á mismunandi tungumálum.

| Dæmi um matslista úr verslun (hluti matslista)                        | 1 | 2 | 3 | 4 |
|-----------------------------------------------------------------------|---|---|---|---|
| <b>Ég get: Viðhaldið útliti og uppröðun verslunar</b>                 |   |   |   |   |
| – fylgst með sölu og rýrnun og brugðist við þegar rýrnun eykst        |   |   |   |   |
| – séð til að verðmerkingar séu til staðar á réttum stað               |   |   |   |   |
| – leitað eftir upplýsingum sem þarf til að aðstoða viðskiptavini      |   |   |   |   |
| – rýnt og skoðað sölutölur vöru aftur í tímann og áætlað sölu         |   |   |   |   |
| – fylgst með framboði og eftirspurn í deild og brugðist við frávikum  |   |   |   |   |
| – sinnt vöruframsetningu og haldið vinnuumhverfi hreinu og snyrtilegu |   |   |   |   |
| – veitt framúrskarandi þjónustu                                       |   |   |   |   |
| – sinnt öllum útstillingum í minni deild                              |   |   |   |   |
| – sinnt pöntunum inn og út úr versluninni                             |   |   |   |   |

## Niðurstöður

Þegar niðurstöður matsins liggja fyrir fer fram samtal um þær.


- Ef þátttakandi uppfyllir hæfniviðmið er sú niðurstaða staðfest með útgáfu Fagbréfs.
- Ef þátttakandi þarf þjálfun til að standast hæfniviðmið er útbúin einstaklingsbundin þjálfunaráætlun og henni fylgt eftir.

Mikilvægt er að niðurstöður mats séu skýrar og þær ræddar ef þörf er á.

## Ferill einstaklings

Á myndinni hér fyrir neðan er sýnt það ferli sem notað er við raunfærnimat og starfsþjálfun. Að ferlinu koma verkefnastjóri, matsaðilar og starfsþjálfar (eftir þörfum).





Að loknu raunfærnimati á að liggja fyrir hvaða hæfnipættir eru metnir og hvaða hæfnipætti þarf að þjálfar frekar. Þá er skipulögð einstaklingsbundin starfsþjálfun vegna þeirra hæfnipátta sem eftir standa. Umfang er mismunandi eftir niðurstöðum raunfærnimats.

Ef verkefnið er ekki tengt ákveðnu fyrirtæki er það á ábyrgð framkvæmdaraðila að þátttakandi geti byggt upp þá færni sem ekki var staðfest í raunfærnimati.

### Starfsþjálfar

Starfsþjálfar eru í flestum tilvikum starfsfólk þess fyrirtækis þar sem verkefnið fer fram. Í sumum tilvikum eru það sömu aðilar sem eru starfsþjálfar og matsaðilar.

Starfsþjálfun fer í flestum tilvikum fram á vinnustað og undir handleiðslu starfsþjálfara. Í einhverjum tilvikum fer hluti af starfsþjálfun fram utan fyrirtækis, til dæmis í gegnum námskeiðshald.

Þegar starfsþjálfari metur að færni sé náð er hún staðfest.

Staðfesting þarf að vera rekjanlegt til dæmis með dagsetningu og undirskrift starfsþjálfara.

Starfsþjálfari  
staðfestir að hæfni  
sé náð að lokinni  
þjálfun.



## 4 Útgáfa Fagbréfa



Þegar færni hefur verið staðfest, annaðhvort með raunfærnimati eða með starfsþjálfun, er gefið út Fagbréf atvinnulífsins. Fagbréf byggja á starfaprófilum þar sem hæfnikröfur starfs eru skilgreindar.

Nánari upplýsingar um hæfnigreiningar og starfaprófila er að finna á [heimasíðu FA](#)

### Forsendur fyrir útgáfu

Forsenda fyrir útgáfu Fagbréfa er að kröfum um samræmda aðferðafræði og gæði hafi verið fylgt. Það er á ábyrgð verkefnastjóra að skila inn nöfnum og kennitölum þeirra sem lokið hafa ferlinu til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fagbréf eru gefin út á nafni einstaklinga og á því kemur fram heiti starfs, stutt lýsing á starfi auk yfirflokka sem hæfni/færni var staðfest innan. Auk þess er starfið tengt við Íslenska hæfnirammann sem lýsir sjálfstæði og ábyrgð í starfinu sem um ræðir.

Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd afhendir þátttakendum Fagbréf.

### Rýni á framkvæmd

Í gæðakröfum er gerð krafa um að kallað sé eftir endurgjöf frá stýrihópi, þátttakendum, matsaðilum og starfsþjálfum og niðurstöður nýttar í umbótastarf. Þessi rýni fer fram í lok verkefna og það er á ábyrgð verkefnastjóra (stýrihóps) að rýni fari fram. Rýni er fyrst og fremst nýtt innanhúss.

Ef annmarkar koma fram varðandi leiðbeiningar eða framkvæmd þá hikið ekki við að hafa samband við FA, það er okkur mikilvægt að fá að fylgjast með gangi mála.

